

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Tengigjald.

Tengigjald fyrir einbýlishús er kr. 162.146.

Tengigjald fyrir fjölbýlishús er kr. 162.421 fyrir fyrstu íbúð, en kr. 97.288 á hverja íbúð þar umfram.

Tengigjald fyrir atvinnuhúsnæði er kr. 240.200.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta tengigjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Tengigjald skal innheimta við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélagsins eða það hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

2. gr.

Fráveitugjald.

Fráveitugjald er 0,20% af heildarfasteignamati.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins.

Fráveitugjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

Fráveitugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjöld samkvæmt gjaldskránni, önnur en fráveitugjald, miðast við byggingarvísitölu í janúar 2019 (142,1 stig) og breytast í samræmi við hana árlega.

Gjaldskráin tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 103/2018.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 19. febrúar 2019.

Reykhólahreppi, 19. febrúar 2019.

Tryggvi Harðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2019